



Samningur um afnotarétt af landi Dalvíkurbyggðar til þýrluskíðaferða Reglur um umgengni og umferðarrétt almennings sbr. 6. grein.

Í samningi milli Dalvíkurbyggðar og Bergmanna, undirrituðum 22. febrúar 2012, um afnotarétt af landi Dalvíkurbyggðar til þýrluskíðaferða 1. mars til 15. júní, er kveðið á um það í 6. grein að aðilar komi sér saman um sérstakar reglur um umgengni og umferðarrétt almennings á svæðinu og eru þessar reglur settar á grundvelli þess.

1. Áðurgreindur samningur tryggir Bergmönnum tímabundinn einkarétt til að lenda þýrlu á landi Dalvíkurbyggðar með borgandi ferðamenn á sínum vegum í þeim tilgangi að stunda skíðamennsku og til þeirra afnota annarra sem þessum rétti fylgja, þ.e. lenda á þýrlu til að hleypa farþegum frá borði og/eða aftur um borð og fara um landið á skíðum, snjóþremtum eða sambærilegum búnaði, þar sem þýrla er notuð til þess að ferja skíðamenn milli svæða, og greiða Bergmenn leigugjald fyrir þessi afnot landsins.
2. Samningur Dalvíkurbyggðar og Bergmanna tekur eingöngu til þýrluskíðamennsku, þ.e. heimildar til að lenda á þýrlu til að hleypa farþegum frá borði og aftur um borð í þeim tilgangi að stunda skíðamennsku og til þeirra afnota annarra sem þessum rétti fylgja, þ.e. lenda á þýrlu til að hleypa farþegum frá borði og/eða aftur um borð og fara um landið á skíðum, snjóþremtum eða sambærilegum búnaði, þar sem þýrla er notuð til þess að ferja skíðamenn milli svæða. Samningurinn hefur ekki áhrif á hefðbundna umferð og/eða nýtingu svæðisins hvort sem er í atvinnu- eða tómstundaskyni. Það á m.a. við um fjallaskíðamennsku og aðrar hefðbundnar vetraríþróttir sem stundaðar hafa verið í Dalvíkurbyggð. Samningurinn skerðir í engu umferðarrétt almennings um svæðið.
3. Bergmenn skuldbinda sig til að ganga vel um landið og sýna fyllstu tillitssemi við menn og skepnur. Bergmenn sýna sérstaka aðgát þegar komið er fram á vor og bændur fara að sleppa fé á afrétt.



4. Bergmenn, ásamt því þyrlufyrirtæki sem þjónustar Bergmenn, starfa samkvæmt reglum flugmálastjórnar um flug nærri byggð og skulu Bergmenn kappkosta að tryggja að flugið raski ekki ró manna eða dýra með hávaða eða reglubundnu yfirflugi.
5. Gerðar verða allar nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu Bergmanna, í samráði við Dalvíkurbyggð, til að tryggja öryggi í tengslum við þyrluflugið.
6. Þessar reglur eru aðgengilegar almenningi á vefsíðum Dalvíkurbyggðar og Bergmanna.

Samþykkt á 632. fundi bæjarráðs Dalvíkurbyggðar þann 12. júlí 2012.